

Sjálfbærnistefna

Heilbrigðisstofnun Suðurlands stefnir að því að vera leiðandi í sjálfbærni meðal heilbrigðisstofnana á Íslandi. Stofnunin leggur áherslu á umhverfisleg, félagslega og efnahagslega sjálfbærni ásamt því að samþætta heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun í starfseminni en starfsemi HSU snertir marga mismunandi fleti heimsmarkmiðana.

Framtíðarsýn HSU er að vera í fararbroddi í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og framúrskarandi vinnustaður. Stofnunin leggur áherslu á gildin, fagmennska, samvinna og virðing í starfseminni. Starfsáætlun stofnunarinnar er lögð fram árlega og styður starfsáætlun hvers árs við framtíðarstefnu HSU til ársins 2025. Samhliða þessari vinnu tekur stofnunin mið af samþættingu sjálfbærnisjónarmiða í starfsemi sinni og það sé partur af menningu stofnunarinnar að huga að sjálfbærnimarkmiðum og gera betur í dag en í gær.

HSU styður við öll heimsmarkmið SP en hefur valið að styðja sérstaklega við 7 af þeim 17 skilgreindum heimsmarkmiðum sem samþykkt hafa verið á alþjóðlegum vettvangi. Þau heimsmarkmið sem HSU hefur ákveðið að horfa til í öllu sínu starfi eru; heilsa og vellíðan (3), menntun fyrir öll (4), jafnrétti kynjanna (5), nýsköpun og uppbygging (9), ábyrg neysla og framleiðsla (12), aðgerðir í loftlagsmálum (13) ásamt friði og réttindum (16).

Framkvæmdastjórn HSU og aðrir stjórnendur stofnunarinnar leggja áherslu á að viðhafa góða og vandaða stjórnarhætti þannig að tryggt sé að starf stofnunarinnar sé í samræmi við lög, reglugerðir og viðmið um góða stjórnarhætti. Unnið skal að stöðugum úrbótum á sviði sjálfbærni með fræðslu, upplýsingagjöf og frekari þróun. Markmið með stefnuskjali HSU um sjálfbæra þróun í starfseminni er að skilgreina megináherslur stofnunarinnar um sjálfbærni í rekstri og þjónustu. Stefnan er ekki tæmandi og er hún studd af fyrirliggjandi stefnum, reglum og leiðbeiningum stofnunarinnar. Sjálfbærnistefna gildir fyrir alla starfsemi og starfseiningar HSU og ber starfsmönnum að starfa í samræmi við stefnuna.

Sjálfbærnistefna HSU er samþykkt af framkvæmdastjórn, stefnan er birt á heimasíðu stofnunarinnar og uppfærð í takt við breytingar sem kunna að vera gerðar á henni. Stefnuna skal endurskoða árlega og ber framkvæmdastjórn ábyrgð á innleiðingu stefnunnar. Framkvæmdastjórnar skulu jafnframt gæta að því að viðeigandi reglur og verklag innan starfseininga þeirra séu í samræmi við útgefna stefnu.

